

Búnaðarsamtök Vesturlands



Aðalfundur 2012

Aðalfundargerð

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 2012

Hótel Hamri 18. apríl

Dagskrá

Kl. 11.00

1. Fundur settur, skipan starfsmanna.
2. Skýrsla formanns Guðnýjar H. Jakobsdóttur.
3. Ávarp gesta.
4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar.
5. Ársreikningur lagður fram.

Matarhlé

6. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsmanna og um reikninga.
7. Afgreiðsla reikninga.
8. Tillögur lagðar fram.
9. Endurskoðun samþykktá BV.
10. Nefndarstörf.
11. Afgreiðsla mála.
12. Búnaðarþingskosningar
13. Kosning stjórnar og varastjórnar.
14. Kosning skoðunarmanna og endurskoðenda.
15. Önnur mál.
16. Fundarslit.

1. Fundarsetning

Miðvikudaginn 18.apríl 2012 var aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hótel Hamri við Borgarnes. Fundinn setti formaður BV, Guðný H. Jakobsdóttir og bauð hún fundarmenn velkomna. Guðný gerði að tillögu sinni að Óðinn Sigbórsson og Bjarni Ásgeirsson yrðu fundarstjórar. Var sú tillaga samþykkt og það formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins. Óðinn Sigbórsson tók við stjórn fundarins og lagði til að ritarar yrðu Helga Halldórsdóttir, Lárus G. Birgisson og Lena J. Reiher. Var það samþykkt.

Fundarstjóri skipaði í kjörbréfanefnd þá Ásbjörn Pálsson, Rúnar Jónasson og Guðna Eðvarðsson.

2. Skýrsla formanns

Formaður BV Guðný H. Jakobsdóttir flutti skýrslu um starf stjórnar á sl. ári:

Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að á síðasta ári voru Búnaðarsamtökin rekin með hagnaði upp á 4.357.553 kr. Skýringin er fyrst og fremst fólgin í því að á árinu 2010 vantaði töluvert upp á að búnaðargjaldið skilaði sér eins og áætlun sagði til um. Hins vegar gerðist það í desember 2011 að upphæðin skilaði sér frá Ríkisskattstjóra og fengum við því óvænt um 6.500.000 kr. meira búnaðargjald en áætlun hafði gert ráð fyrir. Starfsemi BV var með hefðbundnu sniði á síðasta ári og voru stjórnarfundir 6 talsins. Að venju sótti ég hina ýmsu fundi sem fylgja starfinu, eins og formannafund búnaðarsambandanna og formannafund Búnaðarsamtaka Vesturlands. Einnig tók stjórn virkan þátt í endurskoðun leiðbeiningaþjónustunnar. Áttum við góðan fund á Hvanneyri með dönskum ráðgjafa, Ole Kristensen, sem fenginn var til að skoða leiðbeiningaþjónustuna eins og hún er í dag og koma með tillögu að framtíðarskipulagi hennar. Í janúar funduðu svo búnaðarþingsfulltrúar og stjórnir BV, BSK og BSV og undirbjuggu mál til Búnaðarþings. Mig langar að geta þess að sá fundur var auglýstur og opinn öllum félagsmönnum, en enginn nýtti sér það, að þessu sinni. Ég hef nú á síðustu vikum fengið tækifæri til að sitja nokkra aðalfundi búnaðarfélaga, þar hef ég kynnt samþykktabreytingarnar og endurskoðun leiðbeiningaþjónustunnar. Formenn voru hvattir til að fá kynningu á þessum málefnum. Það var mjög gaman að fá að hitta bændur á sínum heimastöðvum.

Dýralæknamál hafa mikið verið til umræðu eftir breytingar þær sem urðu 11. nóvember síðastliðinn, stjórn BV hefur rætt þetta töluvert á sínum stjórnarfundum. Ályktun var send inn á Búnaðarþing þar sem að lýst var áhyggjum af þróun dýralæknáþjónustu eftir breytingarnar og jafnframt hvatt til þess að allra leiða yrði leitað til að manna allar dýralæknastöður. Einnig bentum við á að mikilvægt væri að skoða þau svæði sem ekki eru skilgreind þjónustusvæði og tryggja viðunandi dýralæknáþjónustu þar. Það sem er grafalvarlegt mál hér á okkar svæði er það að Dalasýsla er enn dýralæknalaus og það verður að leysa það mál, að minnsta kosti tímabundið nú yfir sauðburðartímamann. Stjórn leggur því fram tillögu í þessu máli nú á eftir og vonandi mun fundurinn álykta um þetta mikilvæga hagsmunamál allra bænda.

Í ágúst síðastliðnum stóðu Búnaðarsamtökin fyrir opnum fundi um jarðalögin, þar sem kynnt voru drög að frumvarpi um jarðalög og ábúðarlög sem fyrir lágu frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Fyrirlesarar á fundinum voru Elías Blöndal, lögfræðingur Bændasamtaka Íslands og Sigurbjartur Pálsson, stjórnarmaður Bændasamtaka Íslands. Var þetta um margt fróðlegur fundur.

Í byrjun aðventu á síðasta ári fengum við skemmtilega heimsókn frá Skagfirðingum. Starfsfólk Leiðbeiningamiðstöðvar Skagafjarðar ásamt stjórnarmönnum komu til okkar á Hvanneyri og fengu innsýn í starfsemi Búnaðarsamtaka Vesturlands en mjög mikill munur er á starfsemi þessara tveggja leiðbeiningaþjónusta. Við fórum saman í ákaflega fróðlega heimsókn í Belgsholt, til þeirra hjóna Haraldar og Sigrúnar, þar sem við fengum fræðslu um vindmyllu, kornrækt, bjórframleiðslu og fengum dýrindis bakkelsi úr heimaræktuðu hveiti og byggi. Vil ég fyrir hönd BV þakka þeim hjónum fyrir höfðinglegar móttökur. Við enduðum þessa heimsókn Skagfirðinga í sameiginlegu jólahlaðborði

í Reykholti. Þetta var ákaflega ánægjulegur dagur og það er alltaf gaman að hitta aðra bændur og ráðunauta og bera saman bækur sínar.

Starfsmannamál BV eru í föstum skorðum og starfsmannavelta lítil. Þó urðu smávægilegar breytingar á síðasta ári. Jenny Johansen sem var verktaki hjá okkur í bókhaldsþjónustunni á síðasta ári hætti en í hennar stað fengum við Guðrúnu Sigurjónsdóttur á Glitstöðum til að aðstoða okkur við uppgjör á bókhaldi. Þá hætti Guðlaugur Antonsson að starfa fyrir okkur við hrossaræktina en hann hafði verið í 10% starfi. Vil ég þakka Guðlaugi og Jenny fyrir þeirra störf og bjóða Guðrúnu velkomna aftur til starfa hjá okkur.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt ályktun um að samþykktir BV yrðu endurskoðaðar og einnig ráðgjafabjónustan, með tilliti til breytts fjárhagsumhverfis. Stjórn skipaði í þessa nefnd þau Hörð Hjartarson Vífilssdal, Guðlaugu Sigurðardóttur Hraunhálsi og Baldvin Björnsson Skorholti. Unnu þau að endurskoðun samþykktanna með aðstoð framkvæmdastjóra. Þau tóku þá ákvörðun að leggja ekki til neinar breytingar í ráðgjafabjónustunni þar sem BÍ og búnaðarsamböndin væru með í gangi endurskoðun á þeirri þjónustu. Þau lögðu til töluverðar breytingar á samþykktum sem hafa það að megintilgangi að gera félagskerfið skilvirkara og draga úr kostnaði. Ég vil þakka þeim kærlega fyrir vel unnin störf.

Búnaðargjaldið hefur verið mikið í umræðunni hjá okkur síðustu misserin, ljóst er að með dómi Mannréttindadómstóls um svokallað iðnaðarmálagjald, er óheimilt að nota búnaðargjaldið sem félagsgjald. Við stöndum því frammi fyrir því að ákveða með hvaða hætti við ætlum að fjármagna félagskerfi okkar bænda í framtíðinni. Hjá BV er félagsgjaldið í dag 3.000 kr. og skilar okkur 1.272.000 kr. á ári. Hins vegar er kostnaðurinn við félagskerfið í kringum 2.700.000 kr. þ.e. aðalfundur og stjórnarlaun. Við þurfum því að velta fyrir okkur öllum hliðum málsins og í dag liggur fyrir fundinum tillaga að samþykktarbreytingum, þar sem lögð er til umtalsverð fækkun aðalfundarfulltrúa, úr 56 í 34 fulltrúa. Jafnframt eru lagðar til ýmsar breytingar sem lúta að því að gera aðalfundinn skilvirkari og að fulltrúar geti undirbúið sig fyrir aðalfundinn með því að kynna sér í tíma gögn og ályktanir frá búnaðarfélögum. Ég tel að þetta sé jákvæð breyting fyrir okkur, lít ekki svo á að með þessu séum við að skerða aðkomu okkar félagsmanna að starfseminni. Aðalfundurinn er opinn öllum félögum í aðildarfélögum BV með málfrelsi og tillögurétt nú sem endranær. Hins vegar tel ég að vel undirbúinn aðalfundarfulltrúi sem hefur kynnt sér málin fyrir fund og situr aðalfundinn með áhuga og sé virkur í umræðunni sé okkur mikilvægari en fjöldinn sem slíkur.

Fyrir ári síðan boðaði ég að upp væri runninn tími endurskipulagningar í félagskerfinu og ekki hvað síst í leiðbeiningaþjónustunni. Búnaðarlagasamningurinn rennur út nú í árslok og hvað tekur við að honum loknum veit enginn. Vonandi tekst okkur að fá búnaðarlagasamning sem er eitthvað á svipuðum nótum og sá sem við höfum í dag. Öllum er það þó fullljóst að erfitt er að sækja fjármagn til ríkisins eins og staðan er í dag. Endurskoðun leiðbeiningaþjónustunnar er stórt mál sem hefur verið í umræðunni í þónokkurn tíma, en að lokum kemur alltaf að því að taka þarf ákvarðanir og á Búnaðarþingi 2011 var stjórn BÍ falið að skipa millipínganefnd sem hefði það hlutverk að endurmeta leiðbeiningaþjónustuna á landsvísi með tilliti til breytts fjárhagsumhverfis. Millipínganefndin fékk til fulltingis við sig danskan ráðgjafa Ole Kristensen sem hefur víðtæka reynslu af endurskipulagningu ráðgjafabjónustunnar í Danmörku. Hann fór um landið og hitta fjöldann allan af félagskjörnum fulltrúum, starfsmenn BÍ og búnaðarsambanda, fulltrúa búgreinafélaga og fleiri. Að lokum skilaði hann af sér skýrslu og tillögu um framtíðarskipulag leiðbeiningaþjónustunnar sem millipínganefnd BÍ nýtti til ályktunar fyrir Búnaðarþing 2012 um að ráðgjafastarfsemi búnaðasambandanna og BÍ verði sameinuð í eina rekstrareiningu. Meginmarkmið þessara breytinga er að tryggja bændum aðgang að sambærilegri ráðgjöf á sömu kjörum hvar sem þeir búa á landinu, auka faglegt samstarf ráðunauta og nýtingu mannafla og gera ráðgjafastörfin eftirsóknarverð. Var þessi tillaga samþykkt með meginþorra atkvæða búnaðarþingsfulltrúa og verður að segja að það ríkti í raun mikil samstaða um þessa leið. Auðvitað voru ekki allir hjartanlega sammála eða sannfærðir um ágæti þessa fyrirkomulags. Oftast

voru það þá frekar vangaveltur um tæknileg atriði eins og skammur tími til undirbúnings, hvar á stjórnin að sitja og þess háttar atriði, frekar en að menn væru algerlega á móti sameiningu ráðunautabjónustunnar undir einn hatt. Verkefnastjóri hefur verið ráðinn til að stýra undirbúningi og mótun nýrrar leiðbeiningabjónustu og mun hann á næstu vikum fara um landið og ræða við stjórnarmenn í búnaðarsamböndum, ráðunauta og annað starfsfólk sambandanna. Mikilvægt er að sem flestir tjái sig og komi sínum skoðunum á framfæri því við getum haft áhrif á það hvernig ný leiðbeiningabjónusta mun líta út. Ég dreg ekki dul á það að þetta mun hafa mikil áhrif á búnaðarsamböndin og félagskerfið okkar og við þurfum að velta fyrir okkur tilgangi og tilvist þessa félagsskapar okkar en í breytingum felast alltaf einhver tækifæri og þó að við sjáum þau kannski ekki nákvæmlega á þessari stundu er ekki þar með sagt að þau séu ekki til staðar. En horfum til framtíðar, í samvinnu og samstarfi felast mikil tækifæri og jafnvel ákveðinn „blendingsþróttur“ það er einfaldlega reynsla okkar hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands. Við höfum bæði reynsluna af sameiningu þriggja búnaðarsambanda undir einn hatt BV og góða reynslu af því að bjónusta tvö önnur búnaðarsambönd. Þetta hefur styrkt og eflt starfsemi Búnaðarsamtaka Vesturlands, því skyldi þetta ekki geta gengið yfir landið allt? Framtíðarsýn okkar á að vera sú að allir bændur landsins eigi kost á ráðgjöf af sömu gæðum og kjörum, án tillits til búsetu í landinu eða búgreinar. Skapa þarf ráðunautum skilyrði og umhverfi til að stunda öfluga leiðbeiningabjónustu við bændur og sjá til þess að það sé eftirsóknarvert starf að vera ráðunautur. Þannig tryggjum við okkur besta fólkið til starfa til hagsbóta fyrir alla bændur í landinu.

Starfsfólki Búnaðarsamtaka Vesturlands eru hér færðar þakkir fyrir þeirra störf, sem unnin eru af trúmennsku og áhuga. Bændum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Kjalarnesi eru færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Samstarfsfólki mínu í stjórn BV þakka ég góða samvinnu. Að lokum er framkvæmdastjóra, Sigríði Jóhannesdóttur, færðar sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

3. Ávarp gesta

Haraldur Benediktsson formaður BÍ tók til máls og færði fundinum kveðjur Bændasamtakanna. Haraldur fór yfir tillögu að breytingum á leiðbeiningabjónustu og rakti ferlið sögulega allt frá upphafi og helstu markmið og stefnu við endurskoðun ráðgjafabjónustu. Haraldur rakti helstu ástæður tillögunnar nú. Þar er ekki markmiðið að spara fjármuni, kerfisbreytingin mun kosta fjármuni. Mikilvægt að gera starfið mikilvægt fyrir bændur og að skapa ráðunautum viðunandi starfsumhverfi. Hann kynnti að Ágúst Þorbjörnsson hefði verið ráðinn til að vinna að þessari breytingu og mun hann eiga viðtöl við starfsmenn. Út úr þeirri vinnu ætti að koma verkefnalisti sem endurspeglar sjónarmiðin. Skilgreina þarf form og umfang rekstrar, tækjabúnað, aðstöðumál, upplýsingatækni og samvinnu við stéttarfélög. Vinnuhópar eiga að skila niðurstöðum í júní. Opinn fundur er fyrirhugaður í ágúst/september. Vinna við gerð á nýjum búnaðarlagasamningi hefst samhliða. Mikilvægt að áréttast að ekki er hugmyndin að þjappa vinnu saman í Reykjavík. Eins og við þekkjum dreifingu héraðsstöðvanna í dag þá verði þær þar áfram. Niðurstaðan ræðst frekar af því hvaða peningar verða til staðar og hverjar verða óskir bænda. Sótt verður í samstarf við leiðbeiningamiðstöðvarnar. Ekki er gert ráð fyrir öllum núverandi verkefnum í nýja fyrirtækinu s.s. kúasæðingum. Breytingin snýst mikið um nýjan búnaðarlagasamning. Ýmis önnur verkefni verða líklega áfram hjá búnaðarsamböndunum. Ræðst fyrst og fremst af því hvað félagsmenn vilja gera. Haraldur kom inná búnaðargjaldið: lögmætt er að fela samtökum á breiðum grundvelli undir eftirliti að ráðstafa gjaldinu. Það skal gert fremur en að leggja það í hendur margra smærri samtaka. Búnaðargjaldið á ekki að vera til að reka pólitík s.s. Bændasamtaka Íslands og landssambanda. Endurskoðun félagskerfis er eitthvað sem við getum ýtt á undan okkur en við þurfum að hugsa hvernig við viljum byggja það upp til lengri tíma. Megum ekki missa pólitískan slagkraft.

Ein ályktun búnaðarþings fjallar um framlengingu búnaðarlagasamnings. Landbúnaðarráðherra er tilbúinn að skoða það með óformlegum hætti. Er jákvæður fyrir því. Þau tímamót verða líka að skerðingarákvæði renna úr gildi.

Haraldur kom inná vinnu BÍ að ýmsum málum s.s. skuldamálum bænda. Fjármögnunarfyrirtækin eru helsti þröskuldurinn í viðræðum um skuldamál. Það eru mjög litlar afskriftir í landbúnaði. Einungis búið að afskrifa um 3 milljarða skv. skýrslu um skuldaaðlögun en 88,3 milljarða í verslun og þjónustu. Samdráttur hefur verið mikill í framlögum til leiðbeiningamiðstöðva alls 31% frá 2008 til ársins 2011, 30% hjá BV. Haraldur taldi að ákveðin bjartsýni væri ríkjandi í landbúnaðinum. Staða landbúnaðar er vænlegri núna en í mjög langan tíma.

4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar

Guðni H. Eðvarðsson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar.

Frá Búnaðarfélagi Hvalfjarðar:

Daníel Ottesen
Hannes Magnússon
Haraldur Benediktsson
Friðjón Guðmundsson
Guðmundur Sigurjónsson

Frá Búnaðarfélagi Skorradals:

Pétur Davíðsson
Karólína Ísleifsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Andakílshrepps:

Sigurður Jakobsson
Lárus Pétursson

Frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadal:

Árni Ingvarsson
Guðni Eðvarðsson
Guðmundur Sigurðsson

Frá Búnaðarfélagi Reykdæla:

Enginn fulltrúi mættur

Frá Búnaðarfélagi Hálsasveitar:

Enginn fulltrúi mættur

Frá Búnaðarfélagi Þverárþings:

Pétur Diðriksson
Árni Bragason
Einar Örnólfsson
Guðjón Kjartansson
Elvar Ólason

Frá Búnaðarfélagi Mýramanna:

Sigurjón Helgason
Þorkell Fjeldsted
Gísli Guðjónsson
Sigfús Helgi Guðjónsson
Svanur Pálsson

Frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps:

Kristján Magnússon

Ásbjörn Pálsson
Albert Guðmundsson
Ólafur Sigvaldason

Frá Búnaðarfélagi Eyja- og Miklaholtshrepps:

Þróstur Aðalbarnarson
Gunnar Guðbjartsson
Guðbjartur Gunnarsson

Frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar:

Guðný H. Jakobsdóttir
Hjörtur Sigurðsson
Sigurjón Grétarsson
Kristján Þórðarson
Júlíus Konráðsson

Frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar:

Hallur Pálsson
Arnór Krisjánsson
Guðmundur Pálsson

Frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar:

Guðlaug Sigurðardóttir
Jóhannes Eyberg Ragnarsson

Frá Búnaðarfélagi Hörðudals:

Svavar Jóhannsson

Frá Búnaðarfélagi Miðdala:

Guðmundur Pálmason
Guðbrandur Þorkelsson
Valberg Sigfússon

Frá Búnaðarfélagi Laxárdals:

Magnús Kristjánsson
Svanborg Einarsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Hvammsfjarðar:

Bjarni Ásgeirsson
Rúnar Jónasson
Friðjón Guðmundsson

Frá Búnaðarfélagi Saurbæjar:

Arnar Eysteinnsson

Samkvæmt kjörbréfum voru 49 fulltrúar mættir. Ekki komu fram athugasemdir við setu þessara fulltrúa og teljast þeir því réttkjörnir.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn BV, Sigríður Jóhannesdóttir, Helga Halldórsdóttir, Lena J. Reiher, Friðrik Jónsson, Lárus Birgisson. Þórhildur Þorsteinsdóttir stjórnarmaður BV sat einnig fundinn.

Hörður Hjartarson sat fundinn sem búnaðarþingsfulltrúi.

Aðrir gestir: Haraldur Benediktsson formaður BÍ var jafnframt fulltrúi hjá Búnf.Hvalfjarðar. Þá mætti á fundinn Gísli Guðmundsson, formaður, Hrossaræktarsambands Vesturlands.

Matarhlé

5. Ársreikningur lagður fram

Sigríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri, kynnti niðurstöðu reksturs ársins 2011. Þar var rekstur ársins borinn saman við þá fjárhagsáætlun sem samþykkt var á síðasta aðalfundi. Sigríður skýrði frá því í hverju helstu frávikin lágu. Í starfsskýrslu framkvæmdastjóra sem fylgdi fundargögnum má sjá þann samanburð.

Þá fór Sigríður yfir framlagðan ársreikning og eru helstu niðurstöðutölur úr rekstrar- og efnahagsreikningum eftirfarandi:

Rekstrartekjur alls kr.: 139.444.666

Rekstrargjöld alls kr.: 133.948.652

Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er kr.: 5.496.014

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um kr.: 1.156.337

Hagnaður dótturfélags BBV ehf. kr. 17.876

Hagnaður ársins er kr.: 4.357.553

Eignir samtals eru kr.: 49.589.667

Eigið fé er alls kr.: 21.184.508

Skuldir samtals kr.: 28.405.159

Skuldir og eigið fé samtals kr.: 49.589.667

Þá kynnti Sigríður rekstrarreikning Bókhaldsþjónustu BV ehf. fyrir árið 2011.

6. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsmanna og um reikninga.

Engar fyrirspurnir voru um reikninga eða skýrslu stjórnar

7. Afgreiðsla reikninga

Hallur Pálsson skoðunarmaður reikninga fór yfir vinnu sína og Brynjólfs Guðmundssonar og að þeir hefðu skoðað reikningana og teldu þá rétta. Fundarstjóri bar reikninga upp til samþykktar.

Ársreikningur BV fyrir árið 2011 samþykktur samhljóða.

8. Tillögur lagðar fram

Lagðar voru fram tillögur frá búnaðarfélögum og stjórn og þeim vísað til nefnda.

Guðný Jakobsdóttir kynnti tillögu að breyttum samþykktum BV sem kynntar voru með fundarboði. Samþykkt að vísa tillögu um samþykktabreytingar ekki til nefndar heldur fjalla um þær sérstaklega undir lið 9 í dagskrá fundarins.

Pétur Davíðsson Búnf. Skorradals lagði fram breytingartillögu vegna samþykktar BV. Tillaga hans hljóðaði hljóðaði svo: ***Í tengslum við breytingu á samþykktum á notkun heitisins endurskoðandi og endurskoðun þá legg ég til að 2. gr. 3. tl. verði breytt þannig:***

3) að skila aðalfundargerð og skoðuðum ársreikningi fyrir lok nóvember

Fundarstjóri tók tillöguna á dagskrá og til umfjöllunar. Til máls tóku: Pétur Davíðsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðný H. Jakobsdóttir og Haraldur Benediktsson.

Greidd voru atkvæði um tillöguna og var hún felld.

9. Endurskoðun samþykktar BV

Breytingartillaga var kynnt með fundarboði auk þess sem stjórn BV hefur kynnt breytingartillöguna á nokkrum búnaðarfélagsfundum.

Pétur Diðriksson ræddi breytingar á 6. grein og umræður í búnaðarfélagi Þverhlíðinga um fækkun fulltrúa. Velti hann fyrir sér hvað gerðist ef mikil sameining yrði í litlu félögunum þá fækkaði fulltrúum enn meira. Væri þetta spurning um hvað við vildum hafa fundinn fámennan. Varðandi boðunina féllst hann á að auðveldara yrði að skipuleggja fundinn og nefndarstörf.

Valberg Sigfússon lýsti ánægju sinni með breytingartillögu nefndarinnar varðandi 6. lið. Taldi gott að reyna að gera kröfu að hafa fundina fyrr og undirbúa fundina betur. Líst vel á það að búa til skilvirkari fund.

Ásbjörn Pálsson benti á að 6. tillagan væri í raun tvær tillögur. Vildi hann láta kjósa um fulltrúafjöldann og svo skilvirknina. Fundarstjóri lýsti því yfir að hann myndi verða við þeirri beiðni.

Þorkell Fjeldsted fór yfir umræður af fundi Mýramanna en þar voru menn ekki sammála um fækkun fulltrúa. Þorkell mætti á formannafund fyrir áramót og þar var rætt um að taka af dagpeninga og akstur. Fannst honum skjóta skökku við ef það væri eina sparnaðarleiðin að taka af laun til aðalfundarfulltrúa. Fannst honum nefndin ekki hafa gert neitt og vildi fá að vita hvort ekki væri hægt að hagræða í neinu. Það þyrfti að skýra betur fyrir bændum hvað þetta batterí sem við erum að reka er að gera fyrir okkur í landbúnaðinum. Flestir bændur eru ómeðvitaðir með það sem verið er að gera. Flestir að vinna við eitthvað skýrsluhald og svoleiðis sjálfir. Af hverju ekki að leggja BV bara niður.

Guðný Jakobsdóttir formaður svaraði fyrirspurnum: Hún bjóst ekki við að félög færu að sameinast mikið. Taldi Guðný að sitt búnaðarfélag hefði ekki það aðalhlutverk að kjósa sér fulltrúa inná aðalfund Búnaðarsamtakanna. Það hljóti að vera brýnni mál sem menn byrja á því að skoða. Hún tók undir orð Ásbjörns varðandi tillöguna að bera 6. grein upp í tvennu lagi. Guðný kom inná orð Þorkels og sagði það vera sorglegt ef það er almennt upplifun bænda ef þeir telja sig ekki hafa neinn hag af því að nota þjónustu búnaðarsambanda. Bændur eru meira og minna í skýrsluhaldi, flestir eiga að minnsta kost eitt símtal með vangaveltur og fyrirspurnir og jafnvel er unnin fyrir þá áætlun. Kannski þurfum við að útskýra betur hvað við erum að gera. Það að skamma millifundarnefndina er ómaklegt því þau lögðust mjög vel yfir kostnaðarliði oph. Þau ætluðu ekki að leggja fram tillögur um breytingar á leiðbeiningaþjónustu þar sem BÍ væri að vinna að því. Tillögurnar að samþykktabreytingum eru góðar, unnið var heilmikið gott starf. Fækkun fulltrúa mun lækka kostnað BV það er ekki spurning. Rætt var að búnaðarfélögin sjálf greiddu fundarkostnað sinna félaga en ekki gert að tillögu nú.

Guðmundur Sigurðsson sagðist í heild sáttur við tillöguna. Þýðir breytt vinnubrögð hjá mörgum félögum. Sammála formanni að búnaðarfélögin ræði um annað en fulltrúafjölda. Fulltrúafjöldi er lýðræði. Aðalfundur kysir í stjórn samtaka. Það verður að vera eitthvað vægi. Sagðist hann telja eðlilegt að fyrir hverja 30 fulltrúa til viðbótar við 55 félaga og fleiri bættust við fulltúrar. Var hann ekki með breytingartillögu en vildi benda á þetta.

Hörður Hjartarson tók til máls sem nefndarmaður millipínganefndar. Greindi hann frá störfum nefndarinnar. Skoðuðu þau rekstur Búnaðarsamtakanna mjög vandlega. Sá rekstur er í dag þannig að ekki er hægt að leggja neitt niður, allt rekið eins vel og hægt er. Til skoðunar fyrir stjórn og framkvæmdastjóra þá veltu þau fyrir sér sameiningu sauðfjársæðingastöðvanna í landinu. Eins hvort hagræða mætti í aksturskostnaði. Hörður vildi að Þorkell Fjeldsted benti sér á það svið BV sem leggja mætti niður, Hörður sagðist ekki treysta sér til þess.

Þá var gengið til atkvæða um samþykktabreytingar. Fundarstjóri ákvað að bera grein 6. upp í tvennu lagi og fékk til þess samþykki fundarins.

Gengið til atkvæða um 6. grein fyrri hluta: um fulltrúafjölda.

Fyrir breytingar hljómar fyrri hluti greinarinnar svo:

6. gr.

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Þau ár sem kosning til Búnaðarþings fer fram, skal þó ákvæði samþykkt Bændasamtaka Íslands gilda eftir því sem við á.

Hvert búnaðarfélag innan samtakanna kýs fulltrúa til setu á aðal- og aukafundum þeirra, sem hér segir:

Félög með 11 til 20 félaga kjósi 1 fulltrúa.

Félög með 21 til 30 félaga kjósi 2 fulltrúa.

Félög með 31 til 40 félaga kjósi 3 fulltrúa.

Félög með 41 til 50 félaga kjósi 4 fulltrúa

og félög með 51 félaga og fleiri kjósi 5 fulltrúa.

Kosning fulltrúanna gildir í eitt ár.

Eftir breytingar hljómar fyrri hluti greinarinnar svo:

6. gr.

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Þau ár sem kosning til Búnaðarþings fer fram, skal þó ákvæði samþykkt Bændasamtaka Íslands gilda eftir því sem við á. Fundurinn skal boðaður skriflega eða á annan sannanlegan hátt með minnst sex vikna fyrirvara.

Hvert búnaðarfélag innan samtakanna kýs fulltrúa til setu á aðal- og aukafundum þeirra, sem hér segir:

Félög með 11-30 félaga kjósi 1 fulltrúa.

Félög með 31-55 félaga kjósi 2 fulltrúa.

Félög með 55 félaga og fleiri kjósi 3 fulltrúa.

Kosning fulltrúanna gildir í eitt ár.

Samþykkt með 34 atkvæðum

Gengið til atkvæða um 6. grein seinni hluta:

Fyrir breytingar hljómar seinni hluti greinarinnar svo:

Auk þess eiga þar sæti með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar búgreinafélaganna, búnaðarþingsfulltrúar á Vesturlandi, starfsmenn búnaðarsamtakanna og stjórnarmenn þeirra.

Aðalfundur skal boðaður skriflega eða á annan sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara. Hann er lögmætur ef 2/3 hlutar fulltrúa eru mættir. Fundurinn skal opinn öllum félagsmönnum í aðildarfélögum búnaðarsamtakanna, með málfrelsi og tillögurétt, sama á við um aukafundi.

Til aukafundar kveður stjórnin er henni þykir þörf á, eða 1/3 hluti aðalfulltrúa krefst þess með skriflegu erindi til stjórnar. Í fundarboði skal tilgreina ástæðu og fundarefni.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á fulltrúafundum, nema um sé að ræða breytingar á samþykktum samkvæmt ákvæðum 11. gr., eða slit á samtökunum samkvæmt ákvæðum 10. gr., í samþykktum þessum.

Eftir breytingar hljómar seinni hluti greinarinnar svo:

6. gr.

Tilkynna skal um fulltrúa eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Þá skulu einnig tillögur fyrir aðalfund vera komnar fram. Tillögur ásamt ársreikningi Búnaðarsamtaka Vesturlands skulu vera aðgengileg fulltrúum a.m.k. viku fyrir aðalfund.

Á fundinum eiga auk þess sæti með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar búgreinafélaganna, búnaðarþingsfulltrúar á Vesturlandi, starfsmenn búnaðarsamtakanna og stjórnarmenn þeirra.

Aðalfundur er lögmætur ef 2/3 hlutar fulltrúa eru mættir. Fundurinn skal opinn öllum félagsmönnum í aðildarfélögum búnaðarsamtakanna, með málfrelsi og tillögurétt, sama á við um aukafundi.

Til aukafundar kveður stjórnin er henni þykir þörf á, eða 1/3 hluti aðalfulltrúa krefst þess með skriflegu erindi til stjórnar. Í fundarboði skal tilgreina ástæðu og fundarefni. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á fulltrúafundum, nema um sé að ræða breytingar á samþykktum samkvæmt ákvæðum 11. gr., eða slit á samtökunum samkvæmt ákvæðum 10. gr., í samþykktum þessum.

Samþykkt með 47 atkvæðum .

Gengið til atkvæða um grein 7.

Fyrir breytingar hljómar greinin svo:

7. gr.

Á aðalfundi skal kjósa 5 manna stjórn búnaðarsamtakanna og varastjórn, svo og skoðunarmenn reikninga og löggiltan endurskoðanda. Fyrst skal formaður kosinn sameiginlega og án svæðabindingar. Síðan skulu fulltrúar úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kjósa 2 stjórnarmenn, fulltrúar úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1 stjórnarmann og fulltrúar úr Dalasýslu einn stjórnarmann. Varamaður sem tekur sæti í stjórn í forföllum formanns, skal kosinn á undan öðrum varamönnum og án svæðabindingar. Varamenn annarra stjórnarmanna eru að lokum kosnir svæðabundið. Stjórnin kys varaformann úr sínum hópi. Skoðunarmenn skulu vera tveir og jafnmargir til vara. Kjörtími stjórnar, varamanna hennar, skoðunarmanna og varaskoðunarmanna og löggilts endurskoðanda er milli aðalfunda.

Allir félagsmenn aðildarfélaganna eru skyldir til að taka kosningu eitt kjörtímabil til þeirra starfa sem samtökin kjósa menn til og ákveðið er í samþykktum þessum.

Eftir breytingar hljómar greinin svo :

7. gr.

Á aðalfundi skal kjósa 5 manna stjórn búnaðarsamtakanna og varastjórn, svo og skoðunarmenn reikninga Fyrst skal formaður kosinn sameiginlega og án svæðabindingar. Síðan skulu fulltrúar úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kjósa 2 stjórnarmenn, fulltrúar úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1 stjórnarmann og fulltrúar úr Dalasýslu einn stjórnarmann. Varamaður sem tekur sæti í stjórn í forföllum formanns, skal kosinn á undan öðrum varamönnum og án svæðabindingar. Varamenn annarra stjórnarmanna eru að lokum kosnir svæðabundið. Stjórnin kys varaformann úr sínum hópi. Skoðunarmenn skulu vera tveir og jafnmargir til vara. Kjörtími stjórnar, varamanna hennar, skoðunarmanna og varaskoðunarmanna er milli aðalfunda.

Allir félagsmenn aðildarfélaganna eru skyldir til að taka kosningu eitt kjörtímabil til þeirra starfa sem samtökin kjósa menn til og ákveðið er í samþykktum þessum.

Samþykkt með öllum þorra atkvæða.

Gengið til atkvæða um grein 8.

Fyrir breytingu hljómar greinin svo:

8.grein

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi:

- 1. Skýrslu stjórnar um starfsemi á liðnu ári.*
- 2. Ársreikningur síðasta árs lagður fram til samþykktar svo og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.*
- 3. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og framlög í varasjóði.*
- 4. Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 7. gr.*
- 5. Kosning skoðunarmanna og endurskoðanda skv. 7. gr.*
- 6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf í þágu samtakanna.*
- 7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.*

8. Á aðalfundi skal leggja fram skriflegar skýrslur framkvæmdastjóra og ráðunauta búnaðarsamtakanna um störf þeirra á liðnu ári.

Eftir breytingu hljómar greinin svo:

8. gr.

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi:

1. Skýrslu stjórnar um starfsemi á liðnu ári.
2. Ársreikningur síðasta árs lagður fram til samþykktar svo og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.
3. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og framlög í varasjóði.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 7. gr.
5. Kosning skoðunarmanna
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf í þágu samtakanna.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
8. Á aðalfundi skal leggja fram skriflega skýrslu framkvæmdastjóra um störf Búnaðarsamtakanna á liðnu ári.

Samþykkt með öllum þorra atkvæða

Gengið til atkvæða um grein 9. Fyrir breytingu hljómar greinin svo:

9. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem annast í umboði hennar um eignir og fjármál samtakanna og daglega verkstjórn. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn. Framkvæmdastjóri skal vera bæði rekstrarlegur og faglegur stjórnandi leiðbeiningastöðvarinnar. Hann skal hafa lokið kandidatsprófi í búfræði eða hafa aðra sambærilega menntun. Stjórn samtakanna fer með málefni þeirra milli aðalfunda og fylgir ályktunum þeirra eftir, sér um undirbúning kosninga til Búnaðarþings og framkvæmd þeirra í samræmi við samþykktir Bændasamtaka Íslands. Enn fremur annast hún fjárreiður samtakanna og reikningsskil og ber sameiginlega ábyrgð á öllum fjármálum þeirra. Starfsár og reikningsár samtakanna er almanaksárið. Reikninga samtakanna, starfsskýrslu og félagaskrá sendir hún til Bændasamtaka Íslands. Stjórnarfundur heldur stjórnin eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér fundáætlun í upphafi starfsárs og skal stefnt að því að halda allt að 10 fundi á ári. Formanni er skylt að boða til stjórnarfunda krefjist einn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri þess. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðarbók um það sem fram fer á stjórnarfundum sem skal undirrituð af þeim sem sitja fund. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á því að fá sérálit sitt bókað.

Eftir breytingu hljómar greinin svo:

9. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem annast í umboði hennar um eignir og fjármál samtakanna og daglega verkstjórn. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn. Framkvæmdastjóri skal vera bæði rekstrarlegur og faglegur stjórnandi leiðbeiningastöðvarinnar. Hann skal hafa lokið kandidatsprófi í búfræði eða hafa aðra sambærilega menntun. Stjórn samtakanna fer með málefni þeirra milli aðalfunda og fylgir ályktunum þeirra eftir, sér um undirbúning kosninga til Búnaðarþings og framkvæmd þeirra í samræmi við samþykktir Bændasamtaka Íslands. Enn fremur annast hún fjárreiður samtakanna og reikningsskil og ber sameiginlega ábyrgð á öllum fjármálum þeirra. Starfsár og reikningsár samtakanna er almanaksárið. Reikninga samtakanna, starfsskýrslu og félagaskrá sendir hún til Bændasamtaka Íslands. Stjórnarfundur heldur stjórnin eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér fundáætlun í upphafi starfsárs. Formanni er skylt að boða til stjórnarfunda krefjist einn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri þess. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðarbók um það sem fram fer á stjórnarfundum

sem skal undirrituð af þeim sem sitja fund. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á því að fá sérálit sitt bókað.

Samþykkt með öllum þorra atkvæða

Gengið til atkvæða um samþykktirnar í heild sinni: Samþykktar með 41 atkvæði og eru því samþykktar með áorðnum breytingum.

10. Nefndastörf

Búfjárræktarnefnd:

Einar Örnólfsson formaður
Árni Ingvarsson
Elvar Ólason
Guðlaug Sigurðardóttir
Guðmundur Sigurjónsson
Júlíus Konráðsson
Kristján Magnússon
Ólafur Sigvaldason
Pétur Davíðsson
Sigfús Helgi Guðjónsson
Sigurjón Grétarsson
Svanborg Einarsdóttir

Allsherjarnefnd:

Pétur Diðriksson formaður
Albert Guðmundsson
Arnar Eysteinnsson
Bjarni Ásgeirsson
Gísli Guðjónsson
Guðbjartur Gunnarsson
Guðmundur Pálsson
Svavar Jóhannsson
Valberg Sigfússon

Fjárhagsnefnd:

Formaður:

Kristján Þórðarson formaður
Guðni Eðvarðsson
Hallur Pálsson
Sigurður Jakobsson
Sigurjón Helgason

Félagsmálanefnd:

Daníel Ottesen formaður
Arnór Kristjánsson
Ásbjörn Pálsson
Friðjón Guðmundsson (Hvammsfjarðar)
Guðjón Kjartansson
Hjörtur Sigurðsson
Karólína Ísleifsdóttir
Rúnar Jónasson

Svanur Pálsson
Þorkell Fjeldsted

Jarðræktar- og umhverfisnefnd:

Árni B. Bragason formaður
Friðjón Guðmundsson (Hvalfj.)
Guðbrandur Þorkelsson
Guðmundur Pálmason
Guðmundur Sigurðsson
Gunnar Guðbjartsson
Hannes Magnússon
Jóhannes Eyberg Ragnarsson
Lárus Pétursson
Magnús Kristjánsson
Þröstur Aðalbjarnarson

11. Afgreiðsla mála

Allsherjarnefnd

Pétur Diðriksson flutti tillögu nefndarinnar.

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hótel Hamri 18. apríl 2012 beinir því til sveitarstjórna Dalabyggðar og Borgarbyggðar að þær í samráði við fjallskilanefndir og leitarstjóra, leiti allra leiða til að samræma fjárleitir svo fénaður komist betur til skila á haustdögum.

Samþykkt samhljóða

Búfjárræktarnefnd

Einar Guðmann flutti tillögur nefndarinnar.

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn á Hótel Hamri 18. apríl 2012 hvetur nautgriparræktarráðunauta til að efla kynbótastarf í mjólkurframleiðslu með tíðari skoðun á eldri kúm og kvígum á fyrsta ári á öllu starfssvæðinu.

Samþykkt með þorra atkvæða

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Hamri 18. apríl 2012 hefur áhyggjur af þróun dýralæknaþjónustu eftir þær breytingar sem áttu sér stað 1. nóvember sl. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á stöðu dýraheilbrigðisþjónustu og meta hvort og hvar úrbóta er þörf á bæði skilgreindum þjónustusvæðum MAST og annarsstaðar. Aðalfundurinn krefst þess að MAST leiti allra leiða til að manna dýralæknastöðu í Búðardal.

Greinargerð:

Nú er að renna upp annasamur tími sauðburðar og það er grafalvarlegt mál að í Dalasýslu sé ekki enn kominn dýralæknir til starfa. Leita verður allra leiða til að leysa dýralæknaþjónustu þar í maí mánuði, t.d. mætti skoða það að ráða dýralækni tímabundið til að leysa úr brýnustu þörfinni nú í vor.

Samþykkt með þorra atkvæða

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Hamri 18. apríl 2012 hvetur MAST til að gera bændum kleift að hafa aðgang að neyðarlyfjum á búum sínum, svo hægt sé að bregðast við bráðaveikindum dýra.

Samþykkt með þorra atkvæða

Kristján Magnússon kvaddi sér hljóð um dýralæknamál og taldi þörf á því að bændur tækju sig saman og létu heyra meira í sér. Hann telur málið mun alvarlega en bændur geri sér grein fyrir. Telur að bændur þurfi að sameinast í einhverjum aðgerðum.

Haraldur Benediktsson kynnti stöðu á vinnu BÍ varðandi dýralyf en Erna Bjarnadóttir og Elías Blöndal hafa verið að kynna sér stöðuna í nágrannalöndunum. Haraldur kom einnig inn á dýralæknamál og telur að til að leysa þessi mál þurfi bændur að koma meira að málunum. Matvælastofnun telur ekki þurfa að hafa dýralækna allsstaðar á landinu. Til þess að leysa þennan hnút þarf frumkvæðið að koma frá bændunum. Bændur þurfa að skoða það að taka undir sinn væng net dýralækna. Dýralæknir ber ábyrgð á lyfjaskápum og notkun þeirra lyfja. Matvælastofnun tekur ekki undir áhyggjur BÍ. Bændasamtökin hafa síðan í nóvember verið að reyna að afla upplýsinga varðandi dýralæknamál og safna þeim reynslusögum sem fóru fjöllum herra. Þá vildu bændur ekki standa við þessar sögur um afföll. Þetta rann einfaldlega út í sandinn. Taldi Haraldur það vonbrigði hvernig samskipti bænda og MAST hafa þróast. Það væri í raun sjálfstætt verkefni að pússa samskipti Matvælastofnunar og bænda.

Félagsmálanefnd

Daníel Ottesen flutti tillögur félagsmálanefndar:

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Hamri 18. apríl 2012 tekur undir ályktun Búnaðarþings frá 29. febrúar s.l um breytingar á leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Fundurinn felur stjórn BV að taka þátt í endurskipulagningu leiðbeiningaþjónustu á landsvísu þar sem heildarhagsmunir bænda séu hafðir að leiðarljósi.

Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Hamri 18. apríl 2012 skorar á ríki og sveitarfélög að auka framlög til minka- og refaveiða svo lífríki sé ekki í stórhættu eins og málum er háttað í dag.

Samþykkt með þorra atkvæða

Jarðræktar- og umhverfisnefnd

Árni B. Bragason flutti tillögu jarðræktar- og umhverfisnefndar

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hótel Hamri 18. apríl 2012 skorar á Umhverfisráðuneytið að heimila bændum að skjóta villta fugla, sem valda tjóni á ræktunarlöndum. Virkja til þess ákvæði 7. gr. reglugerðar um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.

Samþykkt samhljóða

Fjárhagsnefnd

Kristján Þórðarson flutti tillögur fjárhagsnefndar:

Fjárhagsnefnd:

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Hamri 18.apríl 2012 samþykkir að laun stjórnar og nefndarmanna verði eftirfarandi:

Formaður kr. 150.000 á ári og kr. 10.000 á fund.

Aðrir stjórnarmenn kr. 50.000 á ári og kr. 10.000 á fund. (greitt var sérstaklega atkvæði um þennan lið) **Samþykktur með meirihluta atkvæða.**

Varamaður stjórnarmanns fái kr. 10.000 á fund.

Skoðunarmenn reikninga kr. 15.000.

Auk framangreindra launagreiðslna verði greiddur akstur samkvæmt aksturstaxta ríkisins.

Fulltrúar á aðalfundi fái greiddan akstur.

Greiðsla fyrir setu á aðalfundi er ½ dagpeningur en 1. apríl 2012 er ½ dagpeningur á

dagpeningataxta ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands kr. 9.700

Fulltrúar sem sitja í búgreinaráðum fái greiddan akstur samkvæmt aksturstaxta ríkisins.

Greiðsla fyrir setu á búgreinaráðsfundum er ½ dagpeningur en 1.apríl 2012 er ½ dagpeningur á

dagpeningataxta ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands kr. 9.700

Tillagan að öðru leyti samþykkt samhljóða

Undir annarri málsgrein tillögunar tóku til máls stjórnarmenn BV þeir Kristján Magnússon og Valberg Sigfússon.

Fjárhagsnefnd:

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Hamri 18.apríl 2012 samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2012.

Rekstrartekjur	Áætlun 2012	Raun 2011
Seld þjónusta	- 77.339.331	- 75.171.478
Starfsfé	- 55.197.370	- 64.031.426
Aðrar tekjur		- 241.762
	- 132.536.701	- 139.444.666
Rekstrargjöld		
Rekstrarvörur	15.331.180	13.877.577
Laun og launatengd gjöld	77.701.690	79.581.789
Bifreiða- og ferðakostnaður	18.574.365	18.818.827
Annar rekstrarkostnaður	12.425.511	15.858.520
Afskriftir	6.575.842	5.811.939
	130.608.587	133.948.652
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	- 1.928.114	- 5.496.014
Afkoma dótturfélags	- 20.000	- 17.876
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld og verðbætur	1.200.000	1.156.337
Hagnaður (tap) ársins	- 748.114	- 4.357.553
Rekstrarafgangur ársins:	- 748.114	- 4.357.553

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða

Fjárhagsnefnd:

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Hamri 18.apríl 2012 ákvarðar að árgjald til BV vegna yfirstandandi árs verði 3000 á gjaldskyldan félagsmann.
Samþykkt samhljóða

12. Búnaðarþingskosningar

Kosnir voru fulltrúar til Búnaðarþings 2013-2015.

Fyrir Dalasýslu: Guðmundur Gunnarsson, Kjarlaksvöllum, sem aðalmaður. Valberg Sigfússon, Stóra Vatnshorni, sem varamaður.

Fyrir Snæfellsnes: Guðný H. Jakobsdóttir, Syðri Knarrartungu, sem aðalmaður. Þröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri, sem varamaður.

Fyrir Mýrasýslu: Pétur Diðriksson, Helgavatni sem aðalmaður. Þórhildur Þorsteinsdóttir, Brekku, sem varamaður.

Fyrir Borgarfjarðarsýslu: Haraldur Benediktsson, V-Reyni, sem aðalmaður. Daníel Ottesen, Ytra-Hólmi, sem varamaður.

13. Kosning stjórnar og varastjórnar

a) Kosning formanns án svæðabindingar.

Greidd voru atkvæði og féllu þau þannig: Guðný Jakobsdóttir 40 atkvæði. Aðrir hlutu eitt atkvæði og auðir og ógildir voru tveir.

Svæðabundin kosning í stjórn BV. Fulltrúar úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kjósa 2 stjórnarmenn, fulltrúar úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu kjósa 1 stjórnarmann og fulltrúar úr Dalasýslu kjósa 1 stjórnarmann.

Kosin voru:

Úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Daníel Ottesen og Þórhildur Þorsteinsdóttir.

Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Kristján Magnússon.

Úr Dalasýslu: Valberg Sigfússon.

b) Kosning varamanns sem tekur sæti í stjórn í forföllum formanns, án svæðabindingar.

Kosin var Halla Steinólfsdóttir Fagradal sem tekur sæti í forföllum formanns.

c) Kosning varamanna annarra stjórnarmanna, svæðabundin.

Úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Einar Örnólfsson Sigmundarstöðum og Guðbrandur Guðbrandsson Staðarhrauni.

Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Gunnar Guðbjartsson Hjarðarfelli.

Úr Dalasýslu: María Línal Neðri Hundadal.

14. Kosning skoðunarmanna og endurskoðanda

a) Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanna þeirra:

Skoðunarmenn reikninga, Hallur Pálsson og Brynjólfur Guðmundsson.

b) Til vara, Sigurður Jakobsson og Böðvar Bjarki Magnússon.

c) Kosning löggilts endurskoðanda: Halldór Arason hjá Deloitte.

15. **Önnur mál. Hörður Hjartarson** kvaddi sér hljóðs ræddi um varamenn í stjórn BV. Taldi hann þá lítið virkjaðað og fá engin fundargögn. Beindi hann því til stjórnar til skoðunar að varamenn fái fundargögn inná lokað vefsvæði. Jafnframt að skoða hvort fundargerðir BV verði settar inná netið svo þær verði öllum aðgengilegar. **Guðmundur Pálmason** kvaddi sér hljóðs og ræddi um mannlega þáttinn sem oft geymdist í samskiptum. Nefndi hann dæmi um konu sem starfað hafði sem bóndi árum saman og var hætt búskap og sótti um orlofsstyrk en var synjað um það. Hann velti upp hver væri réttur fólks sem er hætt að búa. Haraldur Benediktsson svaraði Guðmundi örstutt og tók undir sjónarmið hans og taldi þetta horfa til betri vegar.
16. Fundarslit. Guðný H. Jakobsdóttir formaður BV þakkaði það traust sem henni var sýnt með endurkjöri og óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Guðný þakkaði Arnóri Eggertssyni endurskoðanda hans störf síðustu ár. Óskaði Guðný Búnaðarfélagi Skorradalshrepps til hamingju með 130 ára afmælið. Hún þakkaði staðarhöldurum á Hamri fyrir aðstöðuna, þakkaði starfsmönnum fundarins og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi.

Fundi slitið. Kl. 17.00

Fundarritarar:
Helga Halldórsdóttir
Lena Reiher
Lárus G. Birgisson